



Reykjavík, 11. nóvember 2025
PON22120023

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að hefja fasa tvö vegna fundarumsjónarkerfis borgarstjórnar

Á fundi stafræns ráðs þann 13. júní 2025 var lögð fram heimildarbeiðni þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags 2. júní 2025, til að hefja fasa tvö vegna fundarumsjónarkerfis borgarstjórnar ásamt fylgigögnum sbr. 12. lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Tillagan var samþykkt í fyrsta forgangi og vísað til meðferðar borgarráðs.

Stafrænt ráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að klára innleiðingu á nýju fundarumsjónarkerfi borgarstjórnar sem hófst á síðasta kjörtímabili. Þó er rétt að árétta að áður en hægt er að hefja verkefnið er nauðsynlegt að fyrir liggi hver verður eigandi verkefnisins og hver greiðir rekstrarkostnað við kerfið.

Dís Sigurgeirsdóttir, skrifstofustjóri borgarstjórnar, hefur samþykkt að taka við eigendahlutverkefni verkefnisins, sbr. samþykki dags. 11. nóvember 2025.

Tilkynnist það hér með.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar



Reykjavík



Reykjavík, 2. júní 2025
PON22120023

Til: Stafræns ráðs

Efni: Heimild til að hefja fasa tvö vegna fundarumsjónarkerfis borgarstjórnar

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að klára aðlögun á fundarumsjónarkerfi borgarstjórnar. Um er að ræða stafræna lausn sem dregur úr handavinnu við framkvæmd og eftirfylgni funda. Þá bætir lausnin starfsumhverfi starfsmanna og kjörinna fulltrúa.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80001 Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá júní 2025 til lok júní 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 37,5 m.kr., þar af tilheyra 24,6 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 12,9 m.kr. í rekstrarkostnað yfir 4 ára tímabil. Af heildarkostnaði eru áætlað að 12 m.kr. verði aðkeypt sérfræðiþjónusta. Umræddur kostnaður er undir viðmiðunarmörkum fyrir útboð.

Ekki liggur fyrir hver verður eigandi verkefnisins og þar með standa straum af rekstrarkostnaði. Vinna við verkefnið mun ekki hefjast fyrr en slíkt eignarhald og samþykki á rekstrarkostnaði liggur fyrir.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



Reykjavík



Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Verkefnaráð Þjónustu og nýsköpunarsviðs

Fylgiskjöl:

Heimildarbeiðni

Kynning sem fór fyrir verkefnaráð - trúnaður

Umfangsmat - trúnaður

Reykjavík, (13.06.2025)

Verkefnaráðsfundur: 10.04.2025

Fundarumsjónarkerfi borgarstjórnar – fasi 2

Samantekt:

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að klára aðlögun á fundarumsjónarkerfi borgarstjórnar. Um er að ræða stafræna lausn sem dregur úr handavinnu við framkvæmd og eftirfylgni funda. Bætir starfsumhverfi starfsmanna og kjörinna fulltrúa

Heildarkostnaður á fjárfestingu samkvæmt frumkostnaðaráætlun: 24,6 m. kr.

Áætluð tímalengd verkefnis: 12-14 mánuðir

Skor í Fylki frá verkefnaráði ÞON: 3,33

Ábati 33%: 2

Helsti ábati verkefnisins er aukin yfirsýn og skilvirkara skipulag. Betra aðgengi að upplýsingum, öruggari og skilvirkari miðlun gagna og aukið öryggi við talningu atkvæða.

Stuðningur við grunnrekstur, upplýsingatækniinnviði og gagnahögun 33%: 4

Stafræn lausn sem dregur úr handavinnu við framkvæmd og eftirfylgni funda.

Áhrif á þjónustu og fjölda notenda 33%: 4

Kerfið hefur jákvæð áhrif á starfsfólk Reykjavíkurborgar, það dregur úr vinnu við fundarumsjón og eftirfylgni funda sem og samantekt af fundinum verður skilvirkari og aðgengilegri en áður.

Lagalegar kröfur – Já

Lagaleg krafa er til staðar

Virðingarfyllst,
Verkefnaráð
Þjónustu og nýsköpunarsvið



Reykjavík



Fundarumsjónarkerfið Lóa – Fasi 2

Eigandi: x

Parfaggreining

- Endurnýting kóða í eigu Alþingis
- Nýting umfangsmikillar þróunarvinnu og kostnaðar
- Svipuð fundarsköp og flækjustig hjá Alþingi
- Höfundar kóðans vinna þetta í verkþrepum
- Aðlagð að kröfum borgarstjórnar
- Tengingar við Televic hug- og vélbúnað og vef Reykjavíkurborgar

Áskorun

- Mikil handavinna og undirbúningur við umsjón funda
- Atkvæði handtalin
- Beðið um orð með handauppréttingum
- Heilt stöðugildi manna mælendaskrá
- Ekki hægt að gefa fólki orðið
- Takmarkað gagnsæi og yfirsýn
- Villuhætta við talningu atkvæða

Markmið

- Birting mælendaskrá Lóu á vef RVK
- Tenging atkvæðagreiðsluvirkni
- Uppsetning viðmóts starfsmanna
- Hýsingarmál, Devops pípur og uppsetning á raunumhverfi

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Bætt öryggi við talningu atkvæða
- Draga úr vinnu við fundarumsjón og eftirfylgni funda
- Bætt starfsumhverfi fyrir starfsfólk
- Fækkar hléum vegna vafaatriða
- Skilvirkari og aðgengileg samantekt um það sem fram fór á fundi
- Fjárhagslegur ábati

Tímalína 12 – 14 mánuðir

júní 2025 – ágúst 2026

Kostnaður

Heildarkostnaður 37,5 m. kr.
Eignasjóður 24,6 m. kr.
Rekstur 12,9 m. kr.

Verkefnastjóri: Nanna Rún Ásgeirsdóttir

Verkefnateymi: Hildur Lilliendahl, Sæpór Fannberg Sæpórsson og Hlöðver Geir Tómasson

Stafrænn leiðtogi: Birgir Lúðvíksson